

Reykjavík, 26. apríl 2018
VEL2017120024
R17120074

Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið

Efni: Umsögn vegna tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf, skv. beiðni dags. 6. desember 2017.

Forsaga:

Óskað var eftir umsögn frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði um neðangreinda tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

„Á fundi borgarstjórnar þann 5. desember 2017 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til borgarráðs:

Borgarstjórn samþykkir að veita 15 m.kr. til að efla fræðslu og uppeldisráðgjöf til foreldra leikskólabarna. Markmiðið er að foreldrar sækji námskeið og fái uppeldisfræðslu. Þátttaka og virkni foreldra í uppeldishlutverkinu hefur mikil áhrif á álag innan skólakerfisins. Uppeldishættir foreldra hafa mikil og mótandi áhrif og mikilvægt að styðja þau í því hlutverki. Við skipulag verkefnisins verði haft samráð við menntavísindasvið Háskóla Íslands.“

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur hefur ekki boðið formlega fræðslu og uppeldisráðgjöf til foreldra leikskólabarna. Engin almenn námskeið hafa verið í boði er snerta þennan málaflokk. Sú fræðsla sem hefur tíðkast til foreldra barna á leikskólum er einstaklingsbundin og sinnt af leikskólakennurum hverju sinni. Leikskólar geta leitað ráðgjafar til fagskrifstofu leikskólamála þegar vinna þarf með samskipti við foreldra. Einstaka foreldrafélag hefur boðið fyrirlestra eða fræðslu fyrir sinn leikskóla og má þar nefna efnið *Uppeldi til ábyrgðar*.

Foreldravefur skóla- og frístundasviðs hefur að geyma upplýsingar og ráðgjöf til foreldra leikskólabarna og má t.d. nefna efni er varðar máltöku og málþroska barna. Einnig hagnýtar upplýsingar og annað efni sem tengist aldri leikskólabarna. Þegar barn hefur leikskólagöngu þá fá foreldrar afhentan bæklinginn *Velkomin til samstarfs*.

Velferðarsvið hefur ekki staðið fyrir almennum námskeiðum eða fræðslu fyrir foreldra leikskólabarna. Þjónustumiðstöðvar hafa boðið upp á ráðgjöf og námskeið fyrir foreldra barna á leikskólaaldri sem sýna merki um kvíða annars vegar og hins vegar börn með hegðunarvanda.

- Klókir litli krakkar – námskeið ætlað foreldrum barna frá þriggja ára aldri sem sýna fyrstu einkenni kvíða og í eru í áhættuhóp fyrir að þróa með sér kvíðaraskanir.
- PMTO – námskeið í foreldrafærni fyrir foreldra barna á aldrinum 4 til 12 ára, með vægan til miðlungs hegðunarvanda.
- PTC – meðferðarnámskeið og einstaklingsmeðferð fyrir foreldra barna sem eru með miðlungs til mikinn hegðunarvanda á aldrinum 4 – 12 ára.
- Stuðningurinn heim - uppeldisráðgjöf. Þjónustan er ætluð barnafjölskyldum sem af einhverjum ástæðum þurfa tímabundinn stuðning og ráðgjöf við uppeldi barna sinna. Um er að ræða tímabundið úrræði sem veitt er að öllu jöfnu 8 vikur í senn.

Niðurstaða:

Tekið er undir þau sjónarmið að uppeldishættir foreldra hafa mikil og mótandi áhrif og mikilvægt að styðja þá í því hlutverki. Með viðbótarfjármagni til fræðslustarfs væri hægt að fara af stað með tilraunaverkefni til að efla fræðslu og uppeldisráðgjöf til foreldra leikskólabarna. Lagt er til að verkefnið verði undir stjórn velferðarsviðs og í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, menntavísindasvið Háskóla Íslands og skóla og frístundasvið. Tilraunaverkefnið verði skipulagt á þjónustumiðstöðum fyrir þann hóp sem er í mestri þörf fyrir þjónustuna og á grundvelli þeirra námskeiða sem nefnd eru hér fyrir ofan.

Í þeim tilfellum sem um sértækan vanda er að ræða eru sérfræðingar á þjónustumiðstöðvum sem veita þjónustu og ráðgjöf í samræmi við vanda barns og þarfir fjölskyldunnar.

Fræðsla til foreldra er af hinu góða og hefur mikið forvarnagildi.

Virðingarfyllt,

Dís Sigurgeirsdóttir
skrifstofustjóri